

Kærandi: Hildur Líf Higgins.

Kærði: Einar Þór Sigurðsson, ritstjóri DV.

Kæruefni: Umfjöllun um kæranda í greininni „Furðuleg og erfið mál í réttarsal“ sem birtist í DV 1. mars 2019 á bls. 52 og 54, ásamt kynningu á forsiðu, og netútgáfa greinarinnar á vef DV 4. mars 2019 undir fyrirsögninni „Eftirminnilegustu dómsmálin: Neitaði að hafa misskilið sig“. Umfjöllunin 1. mars og 4. mars er endursögn og endurbirting á forsiðufrétt í helgarblaði DV, 31. ágúst – 1. september 2011 („Farðað yfir áverka“), nærmynd af kæranda í helgarblaði DV 9.-11. sept. 2011 („Skynsöm lítil prinsessa“) og stuttri klausu („Hildur Líf mormóni“) í helgarblaði DV 30. sept. – 2. okt. 2014.

Málsmeðferð.

Málið var kært með tölvubréfum sem bárust Blaðamannafélagi Íslands 8., 11., og 12. mars 2019. Leitað var andsvara kærða og bárust þau 16. maí. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 4. apríl og 23. maí 2019.

Málavextir.

Í tölvubréfum sínum til Blaðamannafélags Íslands lýsir kærandi margvíslegri óánægju vegna umfjöllunar DV þann 1. og 4. mars sl. Má í grófum dráttum skipta aðfinnslum kæranda í þrennt. Í fyrsta lagi gerir kærandi athugasemdir við að DV skuli enn og aftur bendla sig við sakamál frá árinu 2011 sem hún tengdist ekki á nokkurn hátt nema sem vitni í málinu. Í öðru lagi gerir kærandi athugasemdir við myndbirtingu. Kærandi segir að hún hafi gert skriflegt samkomulag við starfsmann DV á sínum tíma um að nota ekki aftur tiltekna myndir frá 2011. Hafi það samkomulag verið brotið með myndbirtingum í kærðri umfjöllun 2019. Í þriðja lagi gerir kærandi athugasemdir við að rangt sé farið með ýmis efnisatriði um sig í umfjöllun DV. Kærandi gerir þannig athugasemdir við fullyrðingar DV um að hún hafi verið í stresskasti inn á salerni í dómssal árið 2011, og að hún hafi flutt til Bandaríkjanna og tekið upp mormónatrú. Þá gerir kærandi athugasemdir við að DV hafi tekið upp tilvitnun úr tímaritinu Samúel þar sem ranglega var vitnað til orða hennar og loks að rangt sé farið með starfsheiti hennar (að hún sé „bara stílisti og förðunarfræðingur“).

Í andsvari sínu fer ritstjóri DV fram á að kærinni verði vísað frá siðanefnd vegna vanreifunar. Í kærinni skorti lýsingar á því sem DV á að hafa gert rangt. Kærandi hafi ekki útskýrt hvaða „alvarlegar ásakanir í sinn garð“ DV hafi birt. Greinin sé upprifjun á dómsmáli sem kærandi hafi tengst sem vitni á sínum tíma. Hvergi í greininni sé því haldið fram að kærandi væri grunuð um eitthvert saknæmt athæfi. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að DV hafi gert samkomulag við kæranda um myndbirtingu. Enga slíka fyrirvara sé að finna í myndasafni DV. Þá sé ekkert efnislega rangt við umfjöllunina árið 2011 og minnst ritstjóri þess ekki að athugasemdir hafi verið gerðar við þá umfjöllun á sínum tíma.

Umfjöllun.

Siðanefnd telur kærana tæka til efnislegra umfjöllunar. Eins og ráða má af ofangreindri lýsingu á málavöxtum eru efnisatriði hennar nokkuð skýr. Löng hefð er einnig fyrir því að siðanefnd taki


kærur til efnislegrar umfjöllunar jafnvel þótt kæruefni hafi ekki verið ýkja vel afmarkað og ekki hafi verið getið siðareglugreina sem kærandi telur að brotnar hafi verið.

Umfjöllun DV þann 1. mars 2019 er efnislega samhljóða umfjölluninni úr helgarblaði DV árið 2011. Í hvorugri greininni er því haldið fram að kærandi hafi legið undir grun um saknæmt afhæfi. Í báðum greinum kemur skýrt fram að kærandi hafi verið kölluð til sem vitni. Markmið greinarinnar í DV árið 2019 sé „að rifja upp eftirminnileg [saka]mál í gegnum tíðina sem einnig ættu að kitla hláturstaugarnar“. Er kæranda lýst sem spaugilegu vitni, og tekin eru nokkur dæmi um önnur sakamál sem hafa spaugilegar hliðar. Siðanefnd hefur undir höndum afrit af smáskilaboðum frá kæranda þar sem hún staðhæfir við fyrrverandi starfsmann DV að þau hafi gert með sér skriflegan samning um að nota ekki viðkomandi myndir af kæranda. Siðanefnd hefur ekki undir höndum þennan samning eða önnur gögn sem sýna að slíkt samkomulag hafi verið gert. Sú meinta ónákvæmni sem kærandi tilgreinir í umfjöllun DV er í öllum tilvikum endurbirting á umfjöllun frá árinu 2011 og 2014. Er þar um að ræða áður nefnda grein í helgarblaði DV 2011 („Farðað yfir áverka“), nærmynd af kæranda í helgarblaði DV 9.-11. sept. 2011 („Skynsöm lítil prinsessa“) og stutta klauðu („Hildur Líf mormóni“) í helgarblaði DV 30. sept. – 2. okt. 2014. Hin meinta ónákvæmni virðist óveruleg, t.d. um að kærandi búi í USA (hið sanna sé að hún búi bæði á Íslandi og USA) og að hún sé mormóni (hið sanna sé að hún tilheyri LDS kirkjusöfnunum sem oft er kenndur við mormónakirkjuna) – en þessi tvö efnisatriði eru endurbirt í netútgáfu DV 4. mars sl. Tvö önnur efnisatriði sem kærandi tilgreinir sem ónákvæmni eru endurbirt í greininni frá 1. mars 2019, annars vegar ummælin um stresskastið og hins vegar tilvitnunin úr Samúel. Ummæli um stresskastið voru höfð eftir þingverði í greininni 2011 og kærandi útskýrir ekki hvað sé rangt við tilvitnuð ummæli úr Samúel. Það virðist líka rétt að kærandi hafi starfað sem stílisti og förðunarfræðingur. Af kærinni má einnig ráða að kærandi telur að DV hafi lagt sig í einelti. Ekki verður séð að það eigi við rök að styðjast þar sem umfjöllun DV takmarkast að mestu leyti við haustið 2011 (tvær greinar) og kærða grein frá 2019. Af öllu þessu virtu verður ekki séð að DV hafi í umfjöllun sinni um kæranda gerst brotlegt við siðareglur B.Í. Þótt ekki verði séð hvaða tilgangi það þjóni að kitla hláturstaugar lesenda á kostnað kæranda eftir öll þessi ár.


Úrskurður.

Kærði telst ekki hafa brotið siðareglur BÍ.


Reykjavík, 23. maí 2019



Björn Vignir Sigurpálsson




Ásgeir Þór Árnason



Róbert H. Haraldsson



Hjörtur Gíslason



Friðrik Þór Guðmundsson